

**Ed.**

**298. Frumvarp til laga**

[117. mál]

um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Heimilt skal Sambandi íslenskra berklasjúklinga að stofna vöruhappdrætti með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hlutatalan má ekki fara fram úr fimmtíu þúsund, er skiptist í sex flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 5. dag annars hvers mánaðar frá febrúar til desember ár hvert.
- b. Hlutina má aðeins selja í heilu lagi. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Sambands íslenskra berklasjúklinga.
- c. Vinningar skulu vera að verðmæti samtals að minnsta kosti 40% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 6 flokkum.
- d. Drættirnir fara fram opinberlega í Reykjavík.

2. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vistheimilisins í Reykjalundi.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Nefndinni hefur borizt frv. þetta með tilmælum um að flytja það, og hefur hún orðið við þeim tilmælum. Sérhver nefndarmaður er óbundinn um að bera fram við það breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Um langan aldur hefur berklaveikin verið böf, sem legið hefur með miklum þunga á þjóðinni og valdið henni mörgum sárum og kostað hana mikið fé. Fjölmörgum glæsilegum ungmennum, sem lífið annars brosti við, hefur hún stýtt aldur, en lamað lífsþrótt annarra, svo að þeir voru æ síðan hálfir menn eða varla það. En hvar sem hún kom við, skildi hún eftir sár, mismunandi djúp eftir því, hve heiftug hún var.

Í upphafi þessarar aldar var hafin skipulögð og sterk sókn hér á landi gegn þessum skæða óvini lífsins. Þeirri sókn hefur síðan verið haldið þrotlaust áfram.

En þrátt fyrir mikið og merkilegt starf hinna ágætustu manna þjóðarinnar eru berklahælin enn of full og hópur sjúklinganna enn allt of stór. Aðsóknin að hælunum hefur jafnan verið svo mikil, að ekki hefur verið unnt að flokka sjúklingana þar á þann hátt, sem æskilegt var og nauðsyn bar til, eða halda þeim þar eins lengi og þörf var á oft og tíðum. Margir hafa því orðið að hverfa þaðan án þess, að þeim væru búin annars staðar nauðsynleg skilyrði, til þess að tryggt væri um áframhaldandi bata. Af þessum ástæðum urðu of margir að hverfa á ný á hælina, þótt þeir hefðu verið þaðan brottskráðir, en aðrir, sem ekki fengu að heldur varanlegan bata, lentu sem öryrkjar á vergangi lífsins við óblið kjör, og það var jafnvel enn ömurlegra en hitt, að vera dæmdur til langvarandi dvalar á hæli. Skelfingin við þessi ömurlegu örlög var oft óbærileg. Hún lamaði sjúklinginn andlega og torveldaði batann, stundum að fullu og öllu. Engum var þetta eins ljóst og sjúklingunum sjálfum. Árið 1938 stofnuðu þeir Samband isl. berklasjúklinga og hófu samstundis fjársöfnun um land allt til þess að koma upp vistheimili fyrir þá menn, sem burt voru skráðir frá berklahælunum, en enn voru of þróttlitlir til þess að vinna algeng störf, þurftu sérstaka aðhlyningu og eftirlit, voru enn hlaðnir ótta við örlög sín og höfðu takmarkaða trú á framtíðinni. Verkefnið voru skipulögð. Fyrirhugað var að koma fyrst upp nokkrum litlum sérhýlishúsum og samfara þeim vinnustofu, þar sem hægt væri að láta vistmennina starfa, hvern eftir sinni getu. Síðar var hugsað að koma upp stóru sameiginlegu vistheimili með dagstofum, borðstofum, svefnklefum, sjúkrastofum, lækna- og rannsóknarstofum, sólbyrgjum og böðum, allt af fullkornustu gerð, en þó einfalt og íburðarlaust. Heimilið skyldi verða athvarf allra þeirra sjúklinga, sem brottskráðir hefðu verið af berklahælunum, en yrðu þó að njóta sérstakrar aðstoðar og eftirlits til þess að viðhalda batanum. Hér skyldi þeim sköpuð vinnuskilyrði við þeirra hæfi, eftir því sem kraftar og heilsa kynni að leyfa.

Allur almenningur skildi strax, að hér var um að ræða mjög merkilega tilraun, sem hann var fús að styðja fjárhagslega. Á skömmum tíma safnaðist töluvert fé víðs vegar að, og ríkissjóður lagði einnig fram sinn skerf til þess, að þessi merkilega tilraun mætti takast. Vistheimilinu var valinn staður að Reykjalundi í Mosfellssveit, þar sem hann fékk úthlutað nokkru landsvæði með nægilegum jarðhita til notkunar fyrir heimilið. Var byrjað þar á byggingum í júní 1944. 1. febr. 1945 tók heimilið til starfa. Hafði þá verið ráðinn þangað sérstakur læknir, sem jafnframt var forstöðumaður heimilisins. 5 smáhúsum, hverju fyrir 4 íbúa, hafði þá verið komið þar upp, og fengu 20 vistmenn þar heimili þá þegar. Önnur 6 sams konar hús voru þá einnig í smíðum, og var þeim að fullu lokið í maí 1945 og þá samstundis einnig tekin í notkun. Árið 1946 var hafizt handa á aðalbyggingunni, og er búizt við, að henni verði lokið að fullu á fyrri hluta þ. á. Kostnaður við hana er rúmar 3 milljónir króna, en allur byggingarkostnaður við vistheimilið er nú orðinn um 6 millj., að meðtöldum kostnaði við byggingu vinnuskála, sem komið var upp til bráðabirgða. Sem stendur eru 44 vistmenn á heimilinu, og er stöðugt vaxandi eftirspurn eftir vist þar. Þegar aðalbyggingunni er lokið, verður hægt að bæta enn við 50 vistmönnum. Ýmsar aðrar byggingarframkvæmdir eru fyrirhugaðar, en mest aðkallandi er bygging vinnustofu, þar sem skólar þeir, sem nú eru notaðir fyrir vinnustofur, eru aðeins bráðabirgðaskýli og lítt nothæfir fullfrísku fólki. Hér þarf að rísa upp góð, björt og hlý vinnustofa. Er gert ráð fyrir því, að hún muni kosta um 2 milljónir króna. Þá er einnig fyrirhugað að koma enn upp 12 nýjum smáhúsum, sem hvert er áætlað, að muni kosta 140 þús. krónur, og enn fremur byggingu fyrir starfsfólk. Þá er fyrirhugað að koma þar einnig upp gróðrarstöð ásamt margvíslegum jarðræktarframkvæmdum. Er áætlað, að allur þessi kostnaður verði um 5 millj. króna. Til þess að greiða að fullu kostnað við aðalbygginguna vantar enn 600 þús. krónur. Á fyrsta starfsári vistheimilisins varð rekstrarhalli um 90 þús. krónur. Öll önnur ár hefur rekstrarhagnaður orðið um 100 þús. kr. á ári. Gjafir og styrktarfé er ekki reiknað sem tekjur, því að það fé hefur allt verið notað til byggingarframkvæmda. Í stjórn stofnunarinnar eru og hafa ávallt verið berklasjúklingar eldri og yngri.

Markmið sambandsins er að koma heimilinu sem fyrst í það horf, sem fyrirhugað er og lýst hefur verið hér að framan, svo að það geti búið sem bezt að öllum þeim, sem þangað leita, og hjálpað þeim á ný til sjálfsbjargar. Um síðustu áramót höfðu 99 sjúklingar fengið vist á heimilinu, síðan það tók til starfa. Af þeim hafa 55 farið þaðan aftur, 39 með fullum bata, en 16 til framhaldsvistar á berklahælum.

Stjórn sambandsins er ljóst, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, en henni er einnig ljóst, að samúð þjóðarinnar með þessari stofnun og gjafmildi á sér engin takmörk. Þess vegna er hún þess fullviss, að ef leyfi það til happdrættis, sem hér er farið fram á, fæst, þá muni almenningur fúslega leggja þessu máli lið, svo að dugi til þess að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum.